

Nd.

74. Frumvarp til laga

um útrýmingu fjárkláðans.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta fara fram böðun á öllu sauðfé í landinu til útrýmingar fjárkláðanum. Þó getur ráðherra undanskilið þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin, enda ekki líkur til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að um smitun af sýktu fé af öðrum svæðum geti verið að ræða.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notað til útrýmingarinnar.

3. gr.

Í hverju sýslufélagi skal, eftir tillögu sýslunefndar, skipa einn eftirlitsmann, er hafi umsjón með undirbúningi og framkvæmd útrýmingarböðunarinnar innan sýslu. Skal eftirlitsmaður tilnefna baðstjóra í hverjum hreppi, í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd.

4. gr.

Kostnaður við útrýmingarböðunina greiðist af þessum aðilum:

1. Baðlyf, eins og það kostar á næstu höfn, greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af fjáreigendum.
2. Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu greiðist úr sýslusjóði, eftir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar.
3. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitarsjóði.

5. gr.

Skylt er hreppsnefndum að annast um, að fyrir hendi séu nothæf tæki á hverju heimili til böðunar, en fjáreigendum ber að greiða þann kostnað, sem af útvegum þeirra tækja leiðir, að svo miklu leyti, sem þeir leggja þau eigi til sjálfir.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd útrýmingarböðunarinnar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og má í þeirri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á henni.

7. gr.

Komi það í ljós að aflokinni bœðun, að útrýming fjárkláðans hefir eigi tekizt til fulls, skal tafarlaust fyrirskipa útrýmingarbœðun af nýju eftir sömu reglum, á svo stóru svæði eða svæðum, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tilögum Búnaðarfélags Íslands, telur þurfa.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
2. Tilskipun 4. marz 1871, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
3. Lög nr. 40 frá 1901.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.